

19. apríl 2012

Alþingi  
Erindi nr. P 140/1846  
komudagur 20.4.2012

LANDSSAMBAND  
smábátæigenda



Atvinnuveganefnd Alþingis  
Kristján L. Möller formaður

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda um  
frumvarp til laga um stjórn fiskveiða 657. mál. – þskj. 1052

Landssamband smábátæigenda ítrekar áðursenda yfirlýsingu stjórnar frá 5. apríl.

## I. KAFLI

### Markmið, yfirstjórn, gildissvið og orðskýringar.

#### 1. gr. *Markmið, þjóðareign og meðferð réttinda.*

Landssamband smábátæigenda hefur ætíð verið sammála þeim markmiðum sem fram koma í greininni. Eins og glögglega kemur fram í yfirlýsingu stjórnar LS frá 5. apríl s.l. telur hún hins vegar að frumvarpið í heild ganga þvert gegn þessum markmiðum. Hvað þjóðareignarákvæðið varðar hefur aðalfundur LS lýst yfir að fiskveiðiauðlindin eigi að vera ævarandi eign íslensku þjóðarinnar – orðrétt það sem nú birtist í frumvarpinu.

#### 2. gr. *Stjórnvöld.*

LS hefur til fjölda ára gagnrýnt það mikla vald sem Hafrannsóknastofnuninni er fært með því hlutverki sem henni er skapað með lögum. Að ein rannsóknastofnun hafi slíka yfirburðastöðu hvað varðar allt vísindastarf tengt íslensku hafrými er algerlega óásættanlegt. Með 2. gr. er stríð enn troðið. Greinin er fyrirmæli um stjórnsýslu sem er fiskifræði með öllu óviðkomandi.

*LS leggur til að þriðju setningu 2. gr. verði fargað.*

Í þessu sambandi vill LS minna á það sem stendur í samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar undir kaflanum „Fiskveiðar“ og þar í undirkaflanum „Brýnar aðgerðir:

*„Skipa ráðgefandi hópa útgerðarmanna og sjómanna varðandi veiðiráðgjöf og nýtingu sjávarauðlinda og ástand í lífríki sjávar.“<sup>1</sup>*

Af þessu hefur enn ekki orðið, hvað sem veldur. LS hefur margsinnis lýst vilja sínum til slíks samstarfs en undirtektir hafa ekki verið að sama skapi.

<sup>1</sup> Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

### 3.gr. *Gildissvið.*

LS telur að hér sé skref stigið í rétta átt. Umtalsverður árangur hefur náðst í heiminum gagnvart ólöglegum veiðum (IUU fishing) og vonandi mun þessi grein auðvelda Íslendingum að eiga við slíka óværu við sína efnahagslögsögu.

## III. KAFLI [6. gr. – 10. gr.]

### Veiðistjórn

#### 6. gr. *Veiðar að ósekju*

LS leggur til að við greinina verði bætt við mgr. sem orðist svo:

*„Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í frístundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar Afli sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein er einungis heimilt að hafa til eigin neyslu og er óheimilt að selja eða fényta hann á annan hátt.“*

Ákvæðið er tekið upp úr gildandi lögum og hefur ekki verið um það ágreiningur.

#### 7. gr. *Heildaraflí*

I. LS ítrekar hér áherslu sína á að ráðherra skuli einnig hafa til hliðsjónar við ákvörðun um heildarafla upplýsingar frá sjómönnum. Þeim hefur löngum þótt þekking þeirra sniðgengin þegar kemur að ákvörðun um heildarafla og flest það sem að nýtingu auðlindarinnar snertir. Í skýrslu samráðsvettvangs sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um nýtingu helstu nytjastofna er vikið að þessum málum og m.a. lögð áhersla á sterk tengsl milli fiskifræði sjómannsins og vísindarannsókna:

*„Nauðsynlegt er að rannsaka sérstaklega hvað felst í fiskifræði sjómannsins og mynda sterkari tengsl hennar við vísindarannsóknir. Samvinna sjómanna og fiskifræðinga getur ekki bara skilað nákvæmari upplýsingum heldur er einnig um að ræða mikilvægan þátt í að bæta samskipti, auka skilning og efla samstöðu þessara aðila.“<sup>2</sup>*

#### II. Langtímanýtingarstefna

Í 2. mál. greinarinnar er ráðherra heimilað að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar að fylgt verði langtímanýtingarstefnu. LS er andvígt þeirri nýtingarstefnu sem fylgt hefur verið í þorski. Sú stefna byggir á aflareglu í forni reiknireglu sem byggir eingöngu á stofnstærðarmælingum Hafrannsóknastofnunarinnar.

---

<sup>2</sup> Skýrsla samráðsvettvangs sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um nýtingu helstu nytjastofna – júní 2011 – bls. 20

*„Enn skal leitt undanhaldið. Rótföst aflaregla hefur verið sett í þorski, sem þegar hefur kostað þjóðarbúið tugi milljarða í tapaðar tekjur og nú skal sambærileg aflaregla sett í fleiri tegundum.*

*Aðalfundur mótmælir þessu harðlega. Fyrir það fyrsta er þekking svo takmörkuð á lífríki sjávar og flóknu samspili tegunda og síbreytilegum umhverfisskilyrðum að langt er í land með að grundvöllur geti skapast fyrir aflareglu, hvort heldur í þorski eða öðrum tegundum.*

*Fundurinn bendir og á að aflaregla er síður en svo nauðsynleg markaðsstarfi fyrir íslenskar sjávarafurðir, né hryggstykkið í íslenska merkinu um ábyrgar fiskveiðar. Þetta sést t.d. á því að þegar fyrrverandi sjávarútvegsráðherra jók aflaheimildir í þorski um 30 þúsund tonn og núverandi sjávarútvegsráðherra jók stórlega við skötuselsheimildir, reyndust allar hrakspár um solumál haldlausar.<sup>3</sup>*

LS bendir á að í orðið „langtímanýtingarstefna“ þarf ekki orðið „aflaregla“ sér til fulltingis. Langtímanýtingarstefna getur t.d. verið sú ákvörðun ráðherra að taka tillit til beggja aðila: samráðsvettvangs sjómanna og Hafrannsóknastofnunarinnar.

„Ráðgefandi hópur útgerðamanna og sjómanna“ var eitt þeirra atriða sem LS fagnaði þegar samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnarinnar leit dagsins ljós.

Verði langtímanýtingarstefnu fylgt leggur LS áherslu á að við á framkvæmd verði auk tillagna Hafrannsóknastofnunarinnar hafðar til hliðsjónar tillögur sem koma frá samráðsvettvangi sjómanna (sbr. kafla I hér að framan). Þannig fengi langtímanýtingarstefna traustari undirstöður og líkleglegra en hitt að tiltrú veiðimanna færi vaxandi á fiskifræðinni.

- III. LS leggur til heimild ráðherra um breytingu á heildarafla innan fiskveiðiárs eða veiðitímabils (lokaml. 2. mgr.) verði rýmkuð. Hún nái að auki til einstakra veiðisvæða og veiðarfæra.

#### ***Greinargerð***

Tillagan kemur til út af því hversu misjöfn fiskgengd getur verið á grunnslóð og djúpslóð. Reglur um tilfærslu veiðiheimilda skipa hafa ekki dugað til svo útgefinn heildarafla hafi náðst með veiðum. Gott dæmi um þetta er ýsan sem heldur sig nú meir á grunnslóð en áður. Það þýðir að togskipin verða mun minna vör við hana, því á grunnslóð er að mestu óheimilt er að stunda togveiðar. Línubátar sem yrkja nærmiðin hafa hins vegar ekki verið í neinum vandræðum með ýsuveiðar. Eigi full nýting útgefinna veiðiheimilda að nást er því nauðsynlegt fyrir ráðherra að hafa þær heimildir sem hér er lagt til að hann fái.

- IV. LS leggur til að við 7. grein bætist tveir nýir töluliðir nr. 4 og 5
4. Afli vegna strandveiða sbr. 20. gr.
  5. Afli vegna línuvílnunar sbr. 22. gr.

#### ***Greinargerð***

Almenn ánægja ríkir með strandveiðar og línuvílnun. Framkvæmd þeirra um að afli ætlaður til þessara veiða sé dreginn frá aflahlutdeildum hefur þó kallað fram megna óánægju. LS leggur til að farið verði eins með þennan afla eins og kveðið er á um í tl. 1 – 3 í 7. grein.

---

<sup>3</sup> Samþykkt á aðalfundi LS 2011 – úr aðalályktun fundarins

#### **8. gr. Úthlutun samkvæmt aflahlutdeildum**

LS mótmælir efni þessarar greinar. Stjórnun fiskveiða hefur verið byggð á hreinu aflahlutdeildarkerfi og hafa allar skuldbindingar þeirra sem unnið hafa innan laga um stjórn fiskveiða verið byggðar á því fyrirkomulagi. Andlag veiðiréttar hefur verið hlutdeild í heildarafla hvernar tegundar sem úthlutað er árlega. Þannig hefur veiðimagn sveiflast upp og niður. Hér er gert ráð fyrir að breyting verði á. Fjórar tegundir – þorskur, ýsa, ufsi og steinbítur - eru teknar út úr hlutdeildarkerfinu og 40% þess afla sem fer yfir ákveðin mörk fer til útleigu.

LS telur ákvæðið brjóta jafnræðisreglu þeirra sem stunda veiðar. Aðeins þeir sem hafa veiðiheimildir í þessum tegundum verða fyrir skerðingunni. Slíkt er óréttlátt. LS krefst þess að skerðingin verði minnkuð, þök færð ofar og náí til allra tegunda þegar heildarafla fer yfir ákveðin mörk. Bent skal á að á síðasta ári færðu krókaflamarksbátar 57.471 tonn að landi. 91,2% þess afla var í þeim fjórum tegundum sem teknar verða út úr aflahlutdeildarkerfinu<sup>4</sup>. Hér þarf ekki að hafa mörg orð um tillöguna, hún er grímulaus aðför að veiðrétti krókaflamarksbáta og þeirra smábáta sem vinna innan aflamarkskerfisins.

Verði ákvæðið óbreytt að lögum munu þorsveiðiheimildir þeirra sem nú hafa hlutdeild aðeins aukast um 4 þús. tonn við 35 þús. tonna aukningu, þegar meðtaldar eru hlutdeildarskerðingar, 4.500 tonna frádrag í potta og niðurfelling jöfnunarákvæðis. Slíkt er með öllu óásættanlegt.

#### **IV. KAFLI [11. gr. – 16. gr.]**

##### **Flokkur 1: Aflahlutdeildir og krókaaflahlutdeildir**

#### **11. gr. Leyfi til að nýta aflahlutdeild**

LS gerir alvarlega athugasemd við að ekki verði gerður nýtingarsamningur við hvern og einn aflahlutdeildarhafa sem væri eðlilegt framhald þeirra réttinda sem frumvarpið gerir ráð fyrir að svipta viðkomandi.

LS leggur til að í stað „nýtingarleyfis“ til að nýta aflahlutdeild til 20 ára, verði gerður „nýtingarsamningur“ og gildi hann til 25 ára.

#### **Greinargerð**

Með „nýtingarleyfi“ eins og lagt er til í frumvarpinu er það mat LS að stórlega halli þar á núverandi veiðiréttihafa.

LS leggur til breytingu á lokamálslið 1. mgr. Á eftir orðinu „ráðstafað“ komi „árlega“.

#### **Greinargerð**

LS telur allt of langt gengið og að vart standist lög að svipta viðkomandi með þessum hætti um aldur og ævi þeim réttindum sem hann hefur notið jafnvel áratugum saman.

LS gerir fullan fyrirvara um lögmæti þess að ekki skuli gert ráð fyrir að bætur komi fyrir við þá kerfisbreytingu sem hér er lögð til.

LS leggur til að úr 3. ml. 2. mgr. falli brott „*honum er skylt að fara að lögum á sviði fiskveiðistjórnar*“.

<sup>4</sup> Fiskistofa: <http://www.fiskistofa.is/veidar/aflaupplýsingar/bradabirgdatolur/bbt.php>

Óskað er upplýsinga um niðurlag 3. ml. 2. mgr. þar sem segir „ber að greiða gjald fyrir nýtingarheimild sína“.

#### **12. gr. Framsal aflahlutdeilda**

LS leggur til að þrjár síðustu málsgreinarnar verðir felldar út. Greinarnar fjalla allar um skerðingu og takmarkanir á þeim veiðirétti sem viðkomandi hefur haft. Það er mat LS að framkvæmd þeirra muni leiða til óvissu og óhagræðis.

##### ***Greinargerð***

LS mótmælir harðlega skerðingu aflahlutdeilda um 3% við framsal og telur með ákvæðinu alvarlega höggvið í þann veiðirétt sem fyrirhugað er að yfirfæra í nýtingarleyfi. LS fyrir hönd félagsmanna sinna gerir fullan fyrirvara um að krefjast bóta vegna skerðingar á veiðirétti verði ákvæðið að lögum.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir enn einni skerðingu réttinda sem tryggð eru með gildandi lögum. Hér er gert ráð fyrir að sá aukni veiðiréttur sem felst í heildarafla umfram það sem er á yfirstandandi fiskveiðiári bætist ekki við framsalsrétt viðkomandi nýtingarleyfishafa.

Dæmi: Veiðiréttihafa með óbreytta hlutdeild (t.d. í þorski) sem heimilaði honum veiðar á 100 tonnum á yfirstandandi fiskveiðiári situr fastur með þann framsalsrétt, að frádregnum 3%, þó afli verði aukinn í 300 þús. tonn.

Í lokamálgreininni er lagt til að framsalsréttur verði afnuminn 1. september 2032. LS bendir á kröfu sinni um niðurfellingu þessarar greinar til stuðnings að þar með yrði endanlega lokað fyrir alla hagræðingu með sameiningu hlutdeilda. Sjávarútvegurinn yrði lokaður kassi með nýtingarleyfum, hólfaður niður með órjúfanlegum skilrúmum vegna þess að framsal nýtingarleyfa yrði ekki heimilt. Einskis er getið um það í frumvarpinu hvað taki við þegar framsali aflahlutdeilda lýkur. Verður það að teljast ábyrgðarlaust hjá höfundum frumvarpsins og ábyrgðarmanni þess. Þá bendir LS á að þeir fjármunir sem viðskipti með aflahlutdeild býr til munu hverfa út úr íslensku hagkerfi með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

**LS ítrekar kröfu sína um að þrjár síðustu málsgreinar þessara greinar verði felldar út.**

#### **13. gr. Forgangsréttur að aflahlutdeildum**

LS leggur til að í lokamgr. verði bætt við orðunum „samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur“.

##### ***Greinargerð***

LS leggur áherslu á að við sölu heimilda verði þess gætt að eðlileg dreifing heimilda verði tryggð og því nauðsynlegt að heimild ráðherra sé skýr.

#### **15. gr. Flutningur aflamarks**

LS óskar eftir að bætt verði við 1. mgr. þremur nýjum tölulíðum sem orðast svo:

*4. Þegar varanlegar breytingar verða á skipakosti útgerða.*

*5. Þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjóttjóns.*

6. Þegar veikindi eða dauðsfai eiganda leiðir til þess að bátur er ekki gerður út.

LS leggur áherslu á að framsal aflamarks verði án hindrana að undanskildum breyttum ákvæðum 16. gr. (sjá hér að neðan) og leggur til að 2. mgr. verði felld út úr þessari grein.

### ***Greinargerð***

Við framkvæmd gildandi laga hefur komið í ljós að full þörf er á þessum ákvæðum. Nefnt skal að á flestum smábátum rær eigandinn sjálfur og þá oftast einsamall.

LS minnir á að ein af forsendum þess að m kvótakerfis geti gegnast er að framsal sé með sem fæstum takmörkunum. Félagið telur engin rök mæla með að takmörkunum þar á sem eingöngu verða til að draga úr hagkvæmni kerfisins.

### **16. gr. Krókaaflamarksskip**

Á síðustu árum hafa komið upp aðstæður sem kalla á aukna nýtingu krókabáta. Útbreiðsla tegunda sem þeir hafa ekki krókaaflahlutdeild í hefur breyst og gert vart við sig í ríkum mæli á veiðislóð þeirra (skötuselur). Vegna þessa leggur LS áherslu á að krókabátum verði heimilaðar veiðar með fleiri veiðafærum en um getur í greininni og gerir það að tillögu sinni að 2. ml. 1. mgr. orðist svo:

*Þó er ráðherra heimilt að veita krókaaflamarksbátum leyfi til að stunda veiðar á fisktegundum sem þeir hafa ekki krókaaflamark í svo sem skötusel, síld, uppsjávartegundum og botndýrum með þeim sérhæfðu veiðarfærum sem til þarf.*

LS furðar sig á því nýmæli fiskveiðistjórnunar að verðandi lög skuli fella úr gildi framsalsheimildir aflamarksskipa til krókabáta. LS mótmælir þessari aðför að útgerð krókabáta harðlega og krefst þess að 2. og 3. ml. 2. mgr. 16. greinar verði felldir út úr frumvarpinu. Reynsla undanfarinna ára hefur sannað nauðsyn þessarar heimildar í ýsu sbr.<sup>5</sup> Á það skal bent að verði ekki fallist á kröfu LS er óhjákvæmilegt að krókabátum sé tryggður veiðiréttur á þeim tegundum sem þeir hafa veitt af heildarafla undanfarinna ára.

Vakin er sérstök athygli á að línuveiðar verða ekki stundaðar að neinu marki nema veiðiheimildir í ýsu séu rúmar.

## **VI. KAFLI [18. gr. – 25. gr.]**

### **Flokkur 2: Önnur aflahlutdeild**

#### **20. gr. Strandveiðar**

LS óskar eftir að eftirfarandi breytingar verði gerðar á grein þessari:

1. Í stað 1. og 2. ml. 1. mgr. komi ml. sem orðist svo: „Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra heimila handfæraveiðar á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst.“

---

<sup>5</sup> Vísað til fylgiskjals nr. 1 sem fylgir umsögninni

- II. Í stað lokaml. 1. mgr. komi nýr liður sem orðist svo: „*Strandveiðisvæði skulu vera fjögur og skai hvert strandveiðileyfi veitt tii veiða á einu veiðisvæði.*“
- III. Við 2. mgr. bætist nýr ml. sem tekur við af breyttum 2. ml. LS leggur til að ml. orðist svo: „*Öðlist skip leyfi til strandveiða er samtímis óheimilt að nýta aflamark eða krókaafلامark. Heimilt er að skila inn strandveiðileyfi 30. júní og 31. júlí og hefja frá fyrsta degi næstkomandi mánaðar nýtingu aflamarks eða krókaafلامarks.*“
- IV. Við 4. mgr. eru lagðar til tvær breytingar. Annars vegar að við 1. ml. bætist „*með þeirri undantekningu*“ sem kemur fram í 3. ml. 2. mgr. Hins vegar að lokaml. falli brott.
- V. 3. tl. lokamgr. orðist svo: „*Skiptingu landsvæða.*“

Greinargerð: Hér er lögð til sú breyting að aflaviðmiðun á heildarafla strandveiða verði felld út. Handfæraveiðar smábáta eru mun háðari veðurfari, straumum, dagsbirtu og fiskgengd á grunnslóð en aðrar veiðar.

Tekið skal skýrt fram að þessi breyting er skilyrt við að veiðar strandveiðibáta skerði ekki aflahlutdeild krókaafلامarks- og smábáta á aflamarki meira en orðið er.

Aðrar breytingar sem LS leggur hér til er að veiðisvæði verði með óbreyttu sniði og að heimilt verði að segja sig frá strandveiðum og hefja aðrar veiðar á tímabilinu.

## 21. gr. *Bætur og byggðakvóti*

LS skorar á atvinnuveganefnd að standa vörð um byggðakvóta.

LS gerir ekki efnislegar athugasemdir við þau ákvæði sem byggðalög þurfa að uppfylla svo þau hafi rétt til aflabóta og koma fram í 1. og 2. tl. 2. mgr.

LS skorar á atvinnuveganefnd að fella burt þær flóknu reglur um úthlutun sem fram koma í greininni eftir að nefndum 2. tl. sleppir og þar komi grein sem orðist svo: „*Aflaheimildir sem koma til úthlutunar skulu settar sem ívilnun fyrir dagróðrabáta sem eiga heimahöfn í viðkomandi byggðarlagi og landa þar.*“

## 22. gr. *Línuívilnun*

LS leggur til að við 2. mgr. bætist eftirfarandi ml. sem verði 3. ml. og orðist svo:

„*Auk þess er heimilt við línuveiðar dagróðrabáta sem ekki falla undir 1. og 2. ml. að landa umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra.*“

Með þessu vill LS ítreka kröfu sína að allir dagróðrabátar fái línuívilnun. Krafa þessi er byggð á sanngirni þar sem m.a. er skírskotað til „*að treysta grunnslóðina sem veiðislóð fyrir smærri báta og umhverfisvænni veiða*“<sup>6</sup>.

<sup>6</sup> Úr 4. tl. undirkaflans „Brýnar aðgerðir“ í kaflanum um fiskveiðar í „Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs“

LS mótmælir harðlega því sem fram kemur í athugasemdum frumvarpsins kafla 2.12. og ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið að minnka vægi línuviltunar. Þá mótmælir sambandið einnig því sem fram kemur í textaskrifum í kafla 2.12. þar sem þar er ritað í lítillsvirðingar tóni um línuveiðar. Þar segir orðrétt:

*„Jákvæð áhrif línuviltunar eru hvati til aukinnar atvinnu í landi og umbun fyrir línuveiðar, en dagróðabátar skila almennt góðu og fersku hráefni í land. Vera kann að það sé umdeild aðferð að ívilna vinnulagi sem hægt er að leysa á annan hátt með vélum. Það er þó talið, eins og ástatt er í atvinnumálum í þjóðfélaginu, að engin efni séu til að leggja línuviltun alfarið af.“*

LS furðar sig á því að stjórnvöld sem kenna sig við umhverfisstefnu skuli ekki vera stolt af því hversu vel hafi tekist til með línuviltun. LS leyfir sér að fullyrða að línuviltun er eitt það helsta sem stjórnvöld geta stært sig af við stjórnun fiskveiða, þ.e. að ívilna umhverfsvænum veiðum. Fjölmargir aðilar erlendis hafa hrifist af þessari aðferðafræði og hælt Íslendingum fyrir vikið.

Ekki er nóg að veiðarnar gefa fiskinum tækifæri á að velja eða hafna heldur er oliukostnaður við veiðarnar aðeins brot af því sem gerist með dregin veiðarfæri. Með miklum ólíkindum er að frumvarpið leggi til að afli til línuviltunar verði dreginn saman um fjórðung og vægi hennar í umgengni um auðlindina sé þannig minnkuð að sama skapi. Samhliða færi fjöldi atvinnutækifæra í súginn.

LS hvetur htv. atvinnuveganefnd til að gera tilhlýðilegar breytingar á frumvarpinu þar sem vægi línuviltunar yrði aukið og hún látin ná til allra dagróðrabáta. Stjórnvöld gætu verið stolt af að auka ívilnun í 35% hjá þeim sem stokka upp og beita í landi og hún verði 20% hjá öllum öðrum dagróðrabátum, þar með töldum þeim sem ekki njóta línuviltunar í dag. Með þessu móti væri blásið til mikillar sóknar í umhverfsvænum veiðum, aukningu á fersku hágæða hráefni að landi og fjöldi starfa mundi skapast í kjölfarið, svo fátt eitt sé nefnt.

### **23. gr. Fiskveiðar til eigin neyslu**

Greinin falli brott. Visað er til umsagnar um 6. gr.

## **VII. KAFLI [26. gr. – 30. gr.]**

### **Almenn ákvæði um meðferð aflahelmilda.**

#### **26. gr. Tegundatiltæfarsla og flutningur aflamarks milli fiskveiðiára**

LS leggur til að geymsluréttur milli fiskveiðiára verði 20% af aflamarki hveffrar botnfisktegundar.

Í 3. mgr. segir: „ráðherra geti að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar“

LS ítrekar að þess sé gætt að aðrir hafi hér umsögn og að bætt verði við málsgreinina „eða annarra þartilbærra aðila eða stofnana“



## 27. gr. Undirmál og umgengni

LS leggur til að við lokamálsgrein bætist málsliður sem orðist svo:

*Ákvæði 2. mgr. gjafir ekki um grásleppuveiðar. Ráðherra skal setja sérreglur sem gilda um meðaflla við þær veiðar.*

## 29. gr. Sylða til vinnslu til manneldis

LS hefur lagt til að hvetja megi til vinnslu til manneldis með því að setja inn í fiskveiðilögin ákvæði sem gæti kallast „manneldisvinnun“. Þannig væri þeim umbunað sem stunduðu slíka nýtingu á uppsjávarvegundunum, t.d. með svipuðum hætti og gert er með línuvinnun.

## VIII. KAFLI 31. gr. og 32. gr.

### Hámarkshlutdeild, yfirráð og tengdir aðilar.

#### 31. gr. Hámark aflahlutdeildar eins aðila

LS telur að farsælast sé að í stað þessarar greinar komi 13. gr. vinnuskjals sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins dags. 26. nóvember s.l. undir heitinu „Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr 116/2006 um stjórn fiskveiða“.

LS varar við að frumvarpið verði samþykkt óbreytt og bendir á að aðeins örfáir aðilar eru með veiðirétt í löngu og keilu sem erfitt er orðið að forðast vegna mikillar útbreiðslu. Sérstalega á þetta við um lönguna. Einokunaraðstaða á veiðheimildum gæti því verið skammt undan verði lögum ekki breytt.

Greinin sem LS leggur til að verði sett inn í frumvarpið í stað 31. gr. orðist svo:

**Samanlögð krókaflahlutdeild og aflahlutdeild fiskiskipa einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, tengdra aðila eða aðila sem eiga í samstarfi, skal aldrei nema herra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en hér segir:**

tegund	hámarks- hlutdeild	tegund	hámarks- hlutdeild	tegund	hámarks- hlutdeild
þorskur	8%	ýsa	8%	skótuseiur	10%
skartkoi	10%	þykkvákúra	10%	langkúra	10%
sandkoi	10%	skrápfúra	10%	úthafsækja	10%
urfi	15%	steinhatur	15%	langa	15%
keila	15%	gulikarfi	20%	gjúpkarfi	20%
grákkóa	20%	ísl. sumarg. síli	20%	kolmunni	20%
norsk-ísl. síli	20%	lóna	20%	humar	20%

Verði tegund, sem veiðum er ekki stjórnað í krókaflahlutdeildarkerfi eða aflahlutdeildkerfi, sett undir krókaflahlutdeild eða aflahlutdeild, skal miða við að samanlögð krókaflahlutdeild og aflahlutdeild fiskiskipa nemi aldrei herra hlutfalli af heildaraflahlutdeild en 10% fyrir tegundina. Samanlögð krókaflahlutdeild fiskiskipa einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, tengdra aðila eða aðila sem eiga í samstarfi skal aldrei nema herra hlutfalli en 4% af þorski og 5% af ýsu miðað við heildarkrókaflahlutdeild í hvorri tegund.

Þá má samankögd aflahlutdeild fiskiskipa einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, tengdra aðila eða aðila í samstarfi ekki nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem seta ákvörðun um leyfðan heildarafka samkvæmt lögum þessum og 5. gr. laga nr. 151/1996 eða meira en 5% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar. Við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðitari eða veiðitímabili, samkvæmt 19. gr., og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Til aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila skv. 1. og 2. mgr. telst einnig aflahlutdeild fiskiskipa sem aðilar hafa á kaupleigu eða leigu til sex mánaða eða lengur.

Tengdir aðilar og aðilar í samstarfi teljast:

1. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrirnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
2. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirlit yfir hinum. Fyrirnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
3. Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisfjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum skv. 1.-3. tölul. telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.
4. Aðilar sem hafa með sér samstarf. Samstarf skal vera talið á milli aðila sem gert hafa með sér samkomulag um að einn eða fleiri saman nái yfirlit yfir einum eða fleiri lögaðilum eða hafi sameiginleg yfirlit yfir aflaheimildum, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti. Samstarf skal þó alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnatæða:
  - a. Hjón, aðilar í skráðri sambúð og börn hjóna eða aðila í skráðri sambúð.
  - b. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirlit annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfirlitum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, c- og d-lið.
  - c. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. að aðili eigi með beinum eða óbeinum hætti a.m.k.  $\frac{1}{3}$  hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, b- og d-lið.
  - d. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.
  - e. Bein eða óbein tengsl á milli aðila innan eða utan þess félags sem í hlut á, hvort sem um er að ræða rík hagsmunatengsl eða persónuleg tengsl, reist á skyldleika, tengdum eða vináttu, eða tengsl reist á fjárhagslegum hagsmunum eða samningum, sem líkleg eru til að leiða til samstöðu aðila um að stýra málefnum félagsins í samráði hvor eða hver við annan þannig að þeir ráði yfir því.

## XII. KAFLI [41. gr. - 45. gr. Viðurlög o.fl.

### 44. gr. *Gildistaka og brottfall laga*

LS telur að vegna svo viðamikilla breytinga sem hér eru lagðar til sé full ástæða til að löggin komi til að fresta framkvæmd laganna til a.m.k. 1. september 2013.

### Ákvæði til bráðabirgða

#### II.

Við síðustu breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem ríkjandi stjórnvöld stóðu að myndaðist sátt um að allir útgerðarflokkar tækju með jöfnum hætti þátt í aðgerðum sem kenndar eru við „potta“. Það voru að sjálfsögðu vonbrigði að þau skip sem ekki höfðu hlutdeild í þorski, ýsu, ufsa og steinbít skyldu ekki koma að fullu inn til þátttöku strax í upphafi þessa fiskveiðiárs. Það lá hins vegar fyrir að það myndi gerast við úthlutun 1. september 2012.

Landssambandi smábátaeigenda er það með öllu óskiljanlegt að framangreind sátt sé rofin og tekið upp það fyrirkomulag sem er fullkomlega ósanngjarnt.

LS krefst þess að allir útgerðarflokkar leggi jafnt frá sér til þessara samfélagslegu aðgerða og sú prósentla verði eins og talað var um 5,3%. LS hafnar öllum hugmyndum um varanlega skerðingu hlutdeildar í þorski um 9,5%, ýsu 6,9%, ufsa 7,2% og steinbít 9,8%. LS krefst þess að ekki verði hróflað við því samkomulagi sem gert var með samþykkt laga 70/2011. Ítrekað er það sem fram kemur í umsögn um 8. gr.

#### IV.

LS leggur til að veitt verði sambærileg aðlögun eins og fram kemur í bráðabirgðaákvæði V í vinnuskjali sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins dags. 26. nóvember undir *heitinu* „*Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr 116/2006 um stjórn fiskveiða*“:

*„Niðurfærslu skal lokið á fimmtán árum frá gildistöku laga þessara og henni skipt að lágmarki í þrjá jafna hluta á fimm ára fresti.“*

#### VII.

LS mótmælir harðlega 4.500 tonna ákvæðinu og þeim gríðalegu veiðiheimildum sem látnin skulu til ráðstöfunar í Kvótapiingi. LS ítrekar einnig mótmæli sín við skerðingu afla til línuvinnunar sem fram kemur hér að framan í umsögn við 22. gr.

Þá bendir LS á að verði frumvarpið óbreytt að lögum munu veiðiheimildir þeirra sem hafa hlutdeild í þorski aukast óverulega, eða um 1% verði heildarafli á næsta fiskveiðiári aukinn um 25 þús. tonn (14,1%) í 202 þús. tonn og um 4% verði þorskaafllaaukningin 35 þús. tonn eða 212 þús. tonn.

LS bendir á að eitt af markmiðum frumvarpsins er að auka sanngirni. LS vill að staðið verði við það og hófs sé gætt við færslu veiðiheimilda milli flokka.

## Lokaorð:

Verði frumvarp þetta að iögum munu möguleikar smábátaútgerðarinnar til að vaxa og dafna, hvort heldur veiðiheimildir verða auknar eður ei, verða stórlega skertir.

Aukning veiðiheimilda mun aðeins að litlum hluta skila sér til þeirra sem undanfarin ár hafa tekið á sig gríðarlegar skerðingar veiðiheimilda og skuldsett sig í trausti þess að vera ekki hafðir að leiksoppum í pólitískri refsák. Þessi gjörningur frumvarpsins, einn og sér mun í besta falli draga stórlega úr áhuga manna til að standa í útgerð og áreiðanlega munu margir bíða fyrsta færís til að forða sér úr greininni.

LS vill sérstaklega benda á að hvergi er að finna í yfirlýsingum þess í gegnum tíðina að félagsmenn hafi litið á veiðiheimildir sem eign í hefðbundnum skilningi þess orðs. Á hinn bóginn hafa menn ekkert velgst í vafa um að réttur til veiða er atvinnuréttur sem nýtur sérstakrar verndar í stjórnarskrá. Þessi skilningur er síður en svo einvörðungu bundinn við LS og skal í því sambandi bent á álit Sigurðar Línals og Tryggva Gunnarssonar frá 1990, þar sem þeir komast að þessari niðurstöðu.

Þrátt fyrir þetta hefur félagið ekki borið bríður á rétt stjórnvalda til að gera breytingar á úthlutun veiðiheimilda. Sú afstaða hefur að stærstum hluta byggst á því að miklu sé til fórnandi svo að meiri friður geti ríkt um sjávarútveginn. Bent skal á að LS hefur frá upphafi stutt hið nýja strandveiðikerfi, þrátt fyrir að tilkoma þess myndi skerða veiðiheimildir félagsmanna, sem fyrir voru í algerum lágmarkum.


Það er einlæg von Landssambands smábátæigenda að athugasemdir þær sem hér eru dregnar til stafs verði teknar til gaumgæfilegrar athugunar og brugðist við þeim með jákvæðum hætti.

Landssambandið ítrekar niðurlag yfirlýsingar stjórnar félagsins frá því 5. apríl s.l. að félagið er reiðubúið til að vinna í samvinnu við stjórnvöld að sáttargjörð um þennan undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar.

Virðingarfyllst

fh. Landssambands smábátæigenda

  
Örn Pálsson framkvæmdastjóri

  
Arthur Bogason formaður

## Ýsuveiði krókaflamarksbáta í hættu

Undanfarin fiskveiðiár hefur ýsuafli krókaflamarksbáta verið langt umfram þá hlutdeild sem þeir hafa 15%. Mismuninn hafa þeir leigt úr aflamarkskerfinu og hafa þannig náð að nýta betur veiðiheimildir sínar í þorski. Nánast undantekningalaust er ýsa frá krókaflamarksbátum unnin á ferskan markað sem greiðir alla jafna hæstu verðin. Í töflu sem hér fylgir er yfirlit um ýsuveiðar krókaflamarksbáta síðast liðin fimm fiskveiðiár og það sem af er þessu ári. Magntölur eru slægðar í tonnum, með viðbótum er átt við sérstaka úthlutun og færslu milli ára.

Fiskveiðiár	Úthlutun	Viðbætur	Flutt úr aflamarki	Ýsuafli krókaflamarksbáta	Hlutdeild krókaflamarksbáta
2005/2006	12.231	1.537	5.243	17.402	20,9%
2006/2007	12.358	1.777	5.293	17.159	20,9%
2007/2008	12.049	2.816	3.403	16.018	18,0%
2008/2009	11.207	2.976	3.517	16.002	22,2%
2009/2010	7.600	2.970	2.241	12.220	22,2%
2010/2011	5.909	1.220	2.933	9.659	24,3%
2011/2012*	5.332	1.687*	2.109*	7.664*	28,9%*

\* til og með 27. mars 2012

Á þessum 6 fiskveiðiárum hafa krókaflamarksbátar því leigt til sín alls 24.739 tonn af ýsu sem svarar til 29.451 tonn af henni óslægðri. Hér er um gríðarlegt magn að ræða eða rúm 70% af veiðiheimildum ýsu á þessu fiskveiðiári svo dæmi sé tekið.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar, sem býður þess að fara í umræðu og afgreiðslu á Alþingi, er ákvæði sem klippir á möguleika krókaflamarksbáta að leigja veiðiheimildir úr aflamarki. Það er með öllu óskiljanlegt hvað vakir fyrir ríkisstjórn sem hefur á stefnuskrá sinni að auka vægi umhverfisvænna veiða að loka fyrir þennan möguleika.

ÖP – 28.3.2012.